

Ár 1977, þriðjudaginn 20. september, var í málínu nr. 13/1977 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi.

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 22. júlí 1977, kærði Styrktarfélag vangefinna til Yfirlasteignamatsnefndar álagningu fasteignaskatts á fasteign félagsins að Sigluvogi 5 í Reykjavík. Á sínum tíma hafði félagið farið fram á það við borgaryfirvöld að skattur þessi yrði felldur niður. Þeirri beiðni var hafnað í borgarráði Reykjavíkur hinn 7. júní 1977.

Kæran er á því byggð, að ofangreind fasteign sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

Í ljósriti af bréfi kæranda til borgaryfirvalda frá 27. maí 1977 eru meðal annars svofelldar upplýsingar um fasteignina og not hennar:

"Styrktarfélag vangefinna keypti umrædda húseign á s.l. ári, til þess að reka þar "pensionat". Ekki er gert ráð fyrir slíkum heimilum í lögum um stofnanir fyrir vangefna og greiðir því Tryggastingastofnunin ekki daggjald til heimilisins.

Stúlkurnar, sem dveljast á heimilinu eru nú allar í dagvist í Bjarkarási, en dveljast á heimilinu á kvöldin og um helgar. Þær eru allar á örorkubótum og njóta tekjutryggingar. Þær greiða í sameiginlegan sjóð, sem þær nota til matarkaupa og annarra sameiginlegra þarfa.

Húsmóðir er á heimilinu og er það þroskabjálf, sem launuð er af Styrktarfélagi vangefinna. Hún gætir stúlknanna og leiðbeinir þeim við húshaldið.

Styrktarfélagið hefur notið styrks frá sveitarfélögum stúlknanna í formi húsaleigu, en sú upphæð nægir ekki til þess að standa straum af útlögðum kostnaði.

Þetta "pensionat" er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi, en mjög mikil þörf er á fleiri slíkum vernduðum heimilum, þar sem vangefið fólk getur búið í sem eðlilegustu umhverfi og lifað eðlilegra og betra lífi, en því væri gefinn kostur á, væri það vistað á fávitahæli."

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga eru "öryrkja- og elliheimili" undanþegin fasteignaskatti. Um ákvæði þetta segir í greinargerð fyrir frumvarpi til laganna, að með öryrkjaheimilum sé átt við leiguibúðabyggingar Öryrkjabandalags Íslands. Af þeim sökum verður ekki talið fært að skýra umrætt lagaákvæði svo rúmt, að það nái til fasteignar þeirrar, sem kært er út af í máli þessu. Þar sem ekki verður heldur séð, að fasteign þessi geti fallið undir önnur ákvæði laganna um undanþágu frá fasteignaskatti, verður kæran ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Magnús Thoroddsen

Pétur Stefánsson